

Kennslusvið

26. nóvember 2020/ÞK,SK

Bókfærð mál f. fund 3. desember 2020

Liður 6.c. Tillögur að breytingum á inntökuskilyrðum í grunnnám.

Kennslusvið hefur farið yfir tillögurnar og gerir ekki athugasemd.

Frá Félagsvísindasviði: Tillaga að breytingu á 3. gr. reglna nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands. Varðar inntökuskilyrði í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild.

Breyting á 3. gr. Lagt er til að lokapróf frá frumgreinadeild Keilis, teljist sambærilegt stúdentsprófi, óháð samsetningu þess. Eftir breytingu hljóði í 3. gr. reglna nr. 319/2009 þannig (breyting auðkennd):

„Til að hefja nám við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og frá háskólagrunni Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægja til inngöngu í BA-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskra og kynningarefni til nýrra stúdenta.“

Skýring: Um er að ræða samsvarandi breytingu og samþykkt var á síðasta fundi háskólaráðs á reglum um inntökuskilyrði í Stjórn málafræðideild. Að mati Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar eru ekki efnisleg rök fyrir því að tilgreina sérstaka námslínu úr háskólabrú Keilis. Þær uppfylla allar lágmarksskilyrði í íslensku, ensku og stærðfræði sem eru meðal þeirra greina sem horft er til. Jafnframt er ekki gerð krafa um stúdentspróf af bóknámsbraut við inngöngu í deildina.

Frá Heilbrigðisvísindasviði: Tillaga að breytingu á 11. gr. reglna nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands. Varðar inntökuskilyrði í Læknadeild.

Breyting á 11. gr. Lögð er til eftirfarandi breyting á 1. mgr. (breyting auðkennd): „Til að hefja nám við Læknadeild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi frá erlendum skóla. Nemendur sem lokið hafa prófi frá frá tækni- og verkfræðigrunni Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) eða verk- og raunvísindadeild háskólabrúar Keilis teljast uppfylla inntökuskilyrði deildarinnar.“

Skýring:

Fram kemur í skýringu deildar að þegar „námsefni háskólagrunns Háskólans í Reykjavík er skoðað <https://www.ru.is/namid/haskolagrunnur-hr/haskolagrunnur/#tab4> kemur berlega í ljós að það er einvörðungu Tækni- og verkfræðigrunnur sem veitir undirbúning fyrir nám í læknisfræði, þ.e. nám í stærðfræði, efna- og eðlisfræði. Því er að mati Læknadeildar málefnalegt og æskilegt að takmarka þessa reglu við þann grunn á sambærilegan hátt og viðurkenning á námi við háskólabrú Keilis er bundin við verk- og raunvísindadeild.“

Reykjavík, 16. október 2020

Tillaga til stjórnar Félagsvísindasviðs frá Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild um breytingu á 3. gr. reglna nr. 319/2009 um inntökuskilyrði í grunnnám við Háskóla Íslands.

Lagt er til að lokapróf frá frumgreinadeild Keilis, teljist sambærilegt stúdentsprófi, óháð samsetningu þess.

3. gr. hljóðar þá svo:

Til að hefja nám við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild skal stúdent hafa lokið stúdentsprófi eða sambærilegu prófi. Lokapróf frá frumgreinadeild Keilis (háskólabrú) og [frá háskólagrunni] Háskólans í Reykjavík (áður Tækniháskóla Íslands og Tækniskóla Íslands) teljast sambærileg stúdentsprófi og nægir til inntöku í BA-nám í deildinni. Æskilegur undirbúningur fer eftir markmiðum þeirrar námsleiðar sem valin er. Nánari upplýsingar þar um eru í kennsluskrá og kynningarefni til nýrra stúdenta.

Greinargerð:

Að mati Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideildar eru ekki efnisleg rök fyrir því að tilgreina sérstaka námslínu úr háskólabrú Keilis. Þær uppfylla allar lágmarksskilyrði í íslensku, ensku og stærðfræði sem eru meðal þeirra greina sem horft er til. Jafnframt er ekki gerð krafa um stúdentspróf af bóknámsbraut við inngöngu í deildina.